

# Afgreidd mál

## 1. Reikningar Bændasamtaka Íslands

## 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ fyrir árið 2012

### Ályktun:

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2012 samþykki Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ fyrir árið 2012

Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason  
Guðni Einarsson, Sveinn Ingvarsson

## 3. Eftirlit í landbúnaði

### a) Frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Búnaðarþing skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Matvælastofnun að breyta reglum varðandi innflutning á tilbúnum áburði. Áður en til sölu komi liggi fyrir vottun um innihald, sem staðfesti að áburðurinn standist innihaldslýsingu og þær gæðakröfur sem gerðar eru til hans hér á landi.

### b) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að seljendur tækja og aðfanga til landbúnaðarins séu gerðir ábyrgir fyrir því að vörur sem þeir selja standist mælingar og staðla sem þeir gefa upp og þau gæði sem þeir auglýsa. Að tryggja svo sem kostur er að ekki sé verið að selja bændum vörur sem ekki standast kröfur samkvæmt íslenskum reglum og að seljendur komist ekki upp með að kynna og auglýsa vörur á fólkskum forsendum.

**Leiðir:** Þrýst verði á um að lög og reglur séu þannig úr garði gerð að ekki verði hægt að markaðssetja vöru með fullyrðingum um gæði hennar án þess að styðja það fullnægjandi gögnum.

**Framgangur:** Búnaðarþing 2012 felur stjórn BÍ að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum.

### c) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 lýsir yfir mikilli óánægju með framgang og vinnubrögð Matvælastofnunar (MAST) í stórum málum sem varða íslenskan landbúnað og landbúnaðarafurðir nú á síðustu misserum. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað að MAST bregðist ekki skyldum sínum sem eftirlitsstofnun. MAST þarf að tryggja að þeir verkferlar sem þar eru viðhafðir séu með þeim hætti að ímynd íslensks landbúnaðar hljóti ekki skaða af.

**Leiðir:** MAST ber sem eftirlitsstofnun að sinna skyldum sínum, standa faglega að eftirliti og tryggja að þegar mál eru lögð fram að allar staðreyndir liggi fyrir. MAST ber að tryggja að neytendur fái ekki ranga mynd af málum og að hagsmunaðilar geti ekki stjórnað framsetningu niðurstaðna, t.d. hvenær þær líta dagsins ljós.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands geri formlega athugasemd við MAST og taki málið einnig upp við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

### d) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2012 skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að Matvælastofnun (MAST) verði tekin til ítarlegar stjórnsýsluathugunar.

Á undanförunum árum hafa bændur og hagsmunafélög bænda ítrekað sent MAST og stjórnvöldum kvartanir yfir starfsháttum stofnunarinnar án mikils árangurs. Nú á þessu ári hafa nokkur stór mál komið upp og í kjölfarið alvarlegir misbrestir í störfum og stjórnsýslu MAST. Mál eins og díoxín málið í Skutulsfirði, hvernig staðið var að málum vegna of hárs innihalds kadmíum í áburði sl. vor og nú síðast varðandi notkun iðnaðarsalts í matvælavinnslu. Getuleysi og óskilvirk vinnubrögð stofnunarinnar hafa rúið hana trausti og án verulegrar uppstokkunar á allri starfsemi og starfsháttum, verður hvorki trúverðugleiki né traust vakið á ný.

### e) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að farið verði yfir fyrirkomulag og stjórnsýslu þeirra opinberu stofnana sem annast eftirlit með

landbúnaðinum, aðföngum hans og afurðum. Í ljósi þeirra mörgu vandamála sem upp hafa komið undanfarin misseri er tímabært að skoða með gagnrýnum huga allt eftirlitsfyrirkomulag í greininni. Fara verður yfir allt ferlið og freista þess að byggja um traust að nýju, bæði bænda og neytenda. Leiðir: Búnaðarþing skori á Alþingi og Ríkisendurskoðun að láta fara fram úttekt á þessu máli. Framgangur: Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart Ríkisendurskoðun og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

#### **f) Frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar**

Búnaðarþing skorar á stjórnvöld að breyta lögum um búfjárhald og reglugerðum um aðbúnað þannig að aðgerðir eftirlitsaðila geti orðið markvissari í málum er varða slæma meðferð búfjár.

**Ályktun:**

### **Eftirlit í landbúnaði**

**Markmið:**

Að farið verði yfir fyrirkomulag og stjórnsýslu þeirra opinberu stofnana sem annast eftirlit með landbúnaðinum, aðföngum hans og afurðum. Í ljósi þeirra mörgu vandamála sem upp hafa komið undanfarin misseri er tímabært að skoða með gagnrýnum huga allt fyrirkomulag eftirlits í greininni. Þess skal freistað að byggja upp traust á eftirlitsaðilum að nýju, bæði meðal afurðastöðva, bænda og neytenda.

**Framgangur:**

Búnaðarþing 2012 felur stjórn BÍ að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhannes Sigfússon  
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson  
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson

## **4. Tvöföld búseta**

### **Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness**

**Markmið:** Mörkuð verði byggðastefna fyrir landsbyggðina, sem tryggi að jöfnuð verði kostnaðarþátttaka íbúa, jarðeigenda og eigenda fasteigna í dreifbýli í rekstri sveitarfélaga.

**Leiðir:** Sveitarfélögum og einstaklingum verði gert mögulegt að skrá tvöfalda búsetu (dulda búsetu) íbúa, með það að markmiði að skatttekjur skili sér í réttu hlutfalli við búsetutíma.

**Framgangur:** Ályktun send Samtökum íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneyti.

Greinargerð: Á síðustu 10 – 20 árum hefur það aukist mikið að fólk í þéttbýli hafi keypt sér jarðir eða jarðarskika úti í hinum dreifðu byggðum. Þar dvelur fólk löngum stundum og krefst um leið aukinnar þjónustu frá því sveitarfélagi sem það dvelur í, t.d. sorphirðu, snjómoksturs og fleira. Þetta hefur reynst sumum sveitarfélögum erfitt og öðrum óframkvæmanlegt vegna mikils kostnaðar. Eins og skattkerfið er uppbyggt núna fer útsvarið til þess sveitarfélags sem lögheimili manna er í en það er langstærsti tekjustofn sveitarfélaga. Fasteignaskatturinn er annar stærsti tekjustofninn og rennur hann til þess sveitarfélags sem fasteignirnar eru í. Fasteignaskatturinn er hins vegar ekki hár í hinum dreifðu byggðum vegna þess hversu lágt fasteignamatið er víða. Aðrir skattstofnar eins og eignaskattar renna beint til ríkisins. Sem dæmi má nefna bújörð þar sem eru mikil laxveiðihlunnindi, jörð sem var áður setin af bónda og skilaði tekjum til samneyslu á svæðinu en getur við þessar aðstæður verið baggi á sínu nærumhverfi.

Til að sveitarfélög geti þjónað öllum íbúunum sem best, hvort sem þeir búa þar um lengri eða skemmri tíma, þurfa þau fjármagn til þess.

**Ályktun:**

### **Tvöföld búseta**

**Markmið:** Fólk verði gert kleift að taka þátt í kostnaði við rekstur fleiri en eins sveitarfélags með skiptingu útsvars.

**Leiðir:** Einstaklingum verði heimilt að skrá tvöfalda búsetu þannig að útsvarstekjur skili sér í réttu hlutfalli við búsetutíma.

**Framgangur:** Ályktun verði send Sambandi íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhannes Sigfússon  
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson  
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson

## 5. Orkuverð og dreifing orku

### a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2012 mótmælir harðlega hækkunum á raforkukostnaði í sveitum landsins vegna hækkana á verðskrá Rarik fyrir dreifingu á raforku og er þess krafist að gætt verði jafnræðis í gjaldskrá milli dreifbýlis og þéttbýlis. Jafnframt er því mótmælt að fjárveitingar til niðurgreiðslna á húshitun og jöfnunar raforkukostnaðar skuli lækkaðar að raungildi í fjárlögum fyrir árið 2012.

### b) Frá Sambandi garðyrkjubænda

Búnaðarþing 2012 tekur undir kröfur garðyrkjubænda um að rafmagnsverð verði lækkað. Það á sérstaklega við um dreifingarkostnað rafmagns sem hækkad hefur verulega umfram verðlagsvísitölu og kemur illa við garðyrkjubændur sem stórnotendur rafmagns. Núverandi þróun dreifingarkostnaðar er orðin veruleg ógn við rekstur orkusækinna starfsemi hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli. Til þess að gæta jafnræðis allra íbúa og fyrirtækja gæti lausnin falist í einu gjaldsvæði á landinu í stað þess að mismuna eftir staðsetningu.

**Greinargerð:** Garðyrkjubændur, sem eru stórnotendur rafmagns, hafa sérstaklega orðið fyrir barðinu á síauknum hækkunum á rafmagnskostnaði sem eru langt umfram hækkunir á verðlagsvísitölu. Frá árinu 2005 hefur vísitala verðlags hækkad um 62%, orkan um 30% en verðskrá fyrir dreifingu á rafmagni í þéttbýli um 87% og í dreifbýli um 105%!

Markviss hækkun dreifingarkostnaðar verður að skoðast í ljósi þess að hækkunir á gjaldskrá umfram verðlagsvísitölu hafa að mestu leyti orðið eftir efnahagshrunið sem varð á haustdögum 2008. Það er sérstakt að ríkisfyrirtæki skuli fara fram með slíkum hætti og auka rekstrarkostnað garðyrkjunnar verulega. Árið 2005 var dreifingarkostnaður rafmagns um 35% af raforkukostnaði en er orðinn 55% sem afleiðing ákvarðana dreififyrirtækja.

Ábyrgð þessa er á höndum stjórnvalda þar sem ekki virðist vera til nein stefnumörkun í rafmagnsmálum gagnvart orkusæknum rekstri. Þvert á móti er talað um að orkuverð þurfi að ná markaðsverði í nágrennalöndum okkar sem gæti leitt til endaloka ylræktunar grænmetis hér á landi.

Garðyrkjubændur hafa lagt fram haldbær gögn sem sýna fram á verulega lækkun dreifingarkostnaðar ef þeir fá heimild til að reisa eigin dreifiveitu sem staðsett yrði í uppsveitum Árnessýslu. Hún gæti þjónað 80% af garðyrkjubændum. Ljóst er af þeim gögnum að núverandi gjald er langt yfir raunkostnaði við dreifingu til garðyrkjunnar.

Garðyrkjubændur hafa um áráraðir óskað eftir breytingum en án árangurs. Þó er rétt að geta að nú (janúar 2012) liggur fyrir tillaga í iðnaðarráðuneytinu um að breyta skilgreiningu á þéttbýli, sem að stórum hluta kemur til móts við óskir garðyrkjunnar. Eftir stendur sú staðreynd að dreififyrirtæki raforku halda áfram að hækka sínar gjaldskrár og ríkisvaldið lækkar sín framlög til niðurgreiðslu á dreifingarkostnaði rafmagns.

Hugmynd um eina gjaldskrá dreifingarkostnaðar fyrir allt landið er krafa sem kemur til móts við óskir garðyrkjunnar og dreifbýlis. Þannig næst jafnræði íbúa og fyrirtækja. Slíkt hefur áður verið gert og er skemmst að minnast breytinga í eina gjaldskrá símaþjónustu, óháða búsetu hér á landi.

### c) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 mótmælir harðlega þeirri mismunun sem liggur í hækkun á raforkuverði og tekur heilshugar undir þá yfirlýsingu sem Bændasamtök Íslands sendu frá sér í byrjun ársins í þeim efnunum.

**Leiðir:** Leita verður allra leiða til að jafna raforkukostnað á landinu öllu.

Framgangur: Bændasamtök Íslands óski eftir viðræðum um þetta mál við raforkufyrirtækin og iðnaðarráðherra.

### d) Frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Búnaðarþing 2012 telur óásættanlegan mun vera á kostnaði raforkunotenda eftir landssvæðum og ítrekar áskorun sína til stjórnvalda um að jafna raforkuverð í landinu.

### e) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að dreifingaraðilar á raforku tryggji öllum bændum og atvinnurekendum í dreifbýli aðgang að þriggja fasa rafmagni.

**Leiðir:** Þrýst verði á raforkufyrirtækin að hraða endurnýjun á línunum.

**Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart orkufyrirtækjunum og stjórnvöldum.

#### **f) Frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2012 að þrýsta á um að endurnýjun dreifikerfis raforku í sveitum verði hraðað umfram það sem núverandi áætlanir gera ráð fyrir svo allir bændur eigi kost á þriggja fasa rafmagni sem allra fyrst.

**Greinargerð:** Skv. áætlunum hjá Rarik er stefnt að því að endurnýjun á öllum línunum sem lagðar voru 1965 og fyrr verði lokið árið 2020 og endurnýjun á öllu línukerfinu verði lokið 2035. Margir bændur munu því þurfa að bíða í áratugi eftir möguleika á þriggja fasa rafmagni sem ekki er ásættanlegt.

#### **g) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga**

Búnaðarþing 2012 mótmælir harðlega auknum álögum á eldsneyti. Háir skattar á eldsneyti koma harðast niður á íbúum í dreifbýli.

**Ályktun:**

### **5.2.2. Eldsneytisverð**

**Markmið:**

Að lækka eldsneytisverð en hækkun þess kemur hvað harðast niður á landsbyggðinni.

**Leiðir:**

Að dregið verði úr skattlagningu á eldsneyti.

**Framgangur:**

Ályktun verði send fjármálaráðuneyti og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Gústaf Jökull Ólafsson Jóhannes Sigfússon  
Marteinn Njálsson Pétur Diðriksson  
Skúli Þórðarson Smári Borgarsson  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson

**Ályktun:**

### **5.3.1 Orkuverð og dreifing orku**

**Markmið:**

Að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður að fullu fyrir alla notendur almenningsveitna.

**Leiðir:**

Flutnings- og dreifikerfi landsins verði sameinuð í eina heild með eina gjaldskrá.

**Framgangur:**

Ályktuninni verði fylgt eftir af stjórn BÍ, m.a. með viðræðum við stjórnvöld.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhannes Sigfússon  
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson  
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson

**Ályktun:**

### **5.3.3. Þriggja fasa rafmagn**

**Markmið:**

Að tryggður verði eins og kostur er aðgangur allra raforkunotenda í dreifbýli að þriggja fasa rafmagni.

**Leiðir:**

Að endurnýjun á einfasa dreifikerfi verði hraðað en boðið upp á aðrar lausnir í þeim tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt er að það verði ekki endurnýjað á næstu árum.

**Framgangur:**

Ályktuninni verði fylgt eftir af stjórn BÍ.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhannes Sigfússon  
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson  
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson  
Sveinbjörn P. Sigurðsson

## 6. Dýralæknaþjónusta og dýravelferð

### a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssambandi kúabænda og Félagi hrossabænda

**Markmið:** Að eigendur og umráðamenn búfjár og annarra dýra geti nálgast dýralæknaþjónustu innan skynsamlegra tímamarka um land allt. Ný lög um dýralæknaþjónustu sem tóku gildi í nóvember 2011 hafa stækkað þjónustuvæði dýralækna verulega, sums staðar svo mikið að ekki er hægt að segja að virk neyðarþjónusta sé fyrir hendi. Af sömu ástæðum hefur kostnaður hækkað stórlega. Verði ekki bætt úr er dýravelferð í landinu stefnt í hættu, á sama tíma og stjórnvöld hyggjast setja ný og strangari lög um velferð dýra.

**Leiðir:** Fara þarf yfir stöðu dýraheilbrigðisþjónustu um land allt og meta hvar úrbóta er þörf, bæði á skilgreindum þjónustuvæðum MAST og annars staðar. Bændur, dýralæknar, MAST og stjórnvöld þurfa að koma að þeirri vinnu og leita lausna. Þar þarf að skoða þætti eins og starfsaðstöðu dýralækna, heimildir bænda til notkunar á lyfjum í neyð og önnur atriði sem áhrif geta haft.

**Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart hlutaðeigandi aðilum.

### b) Frá Búnaðarsambandi Austurlands

Búnaðarþing 2012 skorar á Matvælastofnun að taka til endurskoðunar dýralæknaþjónustu í dreifbýli og lagfæra þá anmarka sem komið hafa fram eftir að ný reglugerð kom til framkvæmda þann 1. nóvember 2011.

**Markmið:** Vaktsvæði á að skilgreina út frá staðsetningu dýralæknis og í landfræðilegu samhengi við samgöngur á því svæði sem honum er ætlað að sinna. Vaktsíma á að auglýsa með góðum og aðgengilegum hætti þannig að bændur og aðrir dýraeigendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum. Kvörtunarferli vegna dýralæknaþjónustu á að vera aðgengilegt og skýrt fyrir bændur.

Bændur í dreifðari byggðum eiga að geta fengið aðstoð símléiðis óháð því hvar á landinu þeir eru búsettir eða dýralæknirinn staðsettur. Fjarlægðir frá búi eða erfiðar samgöngur til næsta dýralæknis eiga að veita dýralæknum heimild til að fela bændum að halda neyðarlagar af lyfjum sem þeir geta gefið skepnum að höfðu samráði við dýralækni.

**Greinargerð:** Frá því að ný reglugerð tók gildi hefur víða á landinu verið hávæð umræða um að dýralæknaþjónusta við búfjáreigendur sé ekki viðunandi. Ástæða er til að hafa áhyggjur af bæði velferð dýra í dreifbýli og álagi sem þessi óvissa skapar bændum. Vaktsvæði eru í mörgum tilfellum svo stór og erfið yfirferðar að ekki er einum dýralækni ætlandi að sinna því eins og gert er ráð fyrir í reglugerðinni.

Dýralæknaþjónusta á svæði 6 er háttáð þannig að tveir dýralæknar skipta vaktþjónustu á milli sín vikulega. Annar þeirra er staðsettur í Vopnafirði og þarf t.d. að fara þaðan á Norðfjörð yfir þrjá fjallvegi, sem oft eru erfiðir yfirferðar. Hinn dýralæknirinn er staðsettur á Héraði og getur þess vegna þurft að fara í vitjanir bæði á Vopnafjörð og Seyðisfjörð, eða Borgarfjörð sama dag.

Þetta getur ekki talist ásættanleg dýralæknaþjónusta og má telja víst að við þessar aðstæður komi upp tilvik sem varða dýravelferð. Upplýsingar um vaktþjónustu dýralækna hafa fram að þessu einungis verið birtar á vefsíðu MAST sem er ekki ásættanlegt því það hafa ekki allir bændur tölvur með nettingu og auk þess er það töluverð fyrirhöfn að finna símanúmer vakthafandi dýralæknis á heimasiðunni (fyrst þarf að velja neðst á síðunni fyrirsögnina héraðsdýralæknar, síðan umdæmið og loks vaktsvæði). Það ætti ekki að vera til of mikils mælst að Matvælastofnun komi upp virkum, aðgengilegum vaktsíma dýralækna á svæðinu, þar sem fást upplýsingar um dýralækna á vakt og neyðarþjónustu. Auk þess er hvergi að finna leiðbeiningar um hvernig koma skal kvörtunum á framfæri til héraðsdýralækna.

Mörg dæmi eru um að ekki hafi tekist að ná í dýralækni á vakt, í síma en það ætti að vera hægt að koma því í lag án mikils tilkostnaðar ef vilji er fyrir hendi af hálfu þeirra sem eru í forsvari fyrir þjónustuna. Jafnframt er ekki ásættanlegt að á sama tíma og þjónusta dýralækna við búfjáreigendur er skert skuli reglur um dýralyf líka vera hertar. Fyrir þetta líða bæði dýr og menn og er ekki sæmandi.

### c) Frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu

Stjórn og búnaðarþingsfulltrúi Búnaðarsambands Austur-Skaftafellinga beina því til búnaðarþings að beita sér fyrir því að skipulagsbreytingar á embættisstörfum dýralækna verði ekki til þess að þjónusta við bændur versni eða verði kostnaðarsamari. Jafnframt að tryggt verði að dýralæknir verði til staðar í hinum dreifðari byggðum landsins.

### d) Frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu

Stjórn og búnaðarþingsfulltrúi Búnaðarsambands Austur-Skaftafellinga beina því til BÍ að skora á

Matvælastofnun að breyta nafngiftinni héraðsdýralækna.

**Greinargerð:**

Með nýtilkominni matvælalöggjöf sinna héraðsdýralækna ekki dýralæknaþjónustu heldur einungis eftirliti. Vegna þessa á nafnbótin héraðsdýralækna ekki lengur við.

**e) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 hefur áhyggjur af þróun dýralæknaþjónustu eftir þær breytingar sem áttu sér stað 1. nóvember sl. Leita verður allra leiða til að manna allar starfsstöðvar til að tryggja velferð dýra. Þá þarf einnig að skoða að á þeim svæðum sem ekki eru skilgreind sem þjónustusvæði sé viðunandi dýralæknaþjónusta í boði.

**Leiðir:** Gera þarf úttekt á því að dýralæknaþjónusta sé alls staðar tryggð með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Þá þarf einnig að skoða möguleika bænda, á þeim svæðum sem eru stór og yfirferðarmikil á því að eiga lyf í bráða- og neyðartilvikum til að koma í veg fyrir skaða vegna fjarlægða.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir með því að afla upplýsinga um stöðu á dýralæknamálum í dag og hvort bændur séu farnir að líða skerta þjónustu vegna breytinganna.

**f) Frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2012 að krefjast úrbóta á dýralæknaþjónustu vegna þess ófremdarástands sem skapast hefur víða um land við þær breytingar á skipulagi dýralæknaþjónustu í dreifbýli sem tóku gildi þann 1. nóv. 2011.

Þjónustusvæði í strjálbýlum héruðum hafa stækkað mjög mikið og ekki hefur alls staðar tekist að fá dýralækna til að búa og starfa innan skilgreindra svæða. Þetta á m.a. við um Húnavatnssýslur en mjög brýnt er að fá úr þessu bætt. Samkvæmt breyttu skipulagi er víða orðið það langt í dýralækni að ekki er lengur um að ræða virka neyðarþjónustu til að sinna bráðatilfellum og þar með að tryggja nauðsynlega velferð dýra. Kostnaður bænda við að fá dýralækni eða sækja til hans lyf hefur einnig margfaldast.

**g) Frá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2012 að vinna að því að bændur fái fræðslu um notkun og meðferð algengustu dýralyfja og fái í framhaldi af því heimildir til að eiga og nota lyf í bráðatilfellum gegn því að halda fullkomna skráningu um notkun þeirra. Hér er um mikið fjárhagslegt hagsmunamál bænda að ræða en jafnframt nauðsynlegt til að bændur geti sómasamlega sinnt velferð dýra sem eru í þeirra umsjá og á þeirra ábyrgð.

**Ályktun:**

**Dýralæknaþjónusta og dýravelferð**

**Markmið:**

Búnaðarþing krefst þess að eigendur og umráðamenn búfjár og annarra dýra geti nálgast dýralæknaþjónustu innan skynsamlegra tímamarka um land allt.

Víða um land eru þjónustusvæði dýralækna orðin það stór að virk neyðarþjónusta er tæpast fyrir hendi. Af sömu ástæðum hefur kostnaður hækkað stórlega. Verði ekki bætt úr er dýravelferð í landinu stefnt í hættu, á sama tíma og stjórnvöld hyggjast setja ný og strangari lög um velferð dýra.

**Leiðir:**

Í reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum verði bætt við heimild til dýralækna að gera þjónustusamninga við bændur að norrænni fyrirmynd, sem felur í sér að bændur megi eiga lyf og hefja lyfjameðferð í samráði við sinn dýralækni að undangengnu námskeiði í meðferð og geymslu lyfja.

Bera þarf lög og reglugerðir um dýralæknaþjónustu og afhendingu dýralyfja saman við sambærilega löggjöf á norðurlöndunum.

Fara þarf yfir stöðu dýraheilbrigðisþjónustu um land allt og meta hvar úrbóta er þörf, bæði á skilgreindum þjónustusvæðum MAST og annars staðar. Bændur, dýralækna, MAST og stjórnvöld þurfa að koma að þeirri vinnu og leita lausna.

Taka þarf til endurskoðunar þætti eins og starfsaðstöðu dýralækna, afleysinga- og bakvaktafyrirkomulag og lyfjabúr á afskekktum svæðum.

Vaktsíma verður að auglýsa með góðum og aðgengilegum hætti þannig að bændur og aðrir dýraeigendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum.

Kvörtunarferli vegna dýralæknaþjónustu verður að vera aðgengilegt og skýrt fyrir bændur.

**Framgangur:**

Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir af fullum þunga gagnvart hlutaðeigandi aðilum.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson  
Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson

**Ályktun:**

**6.2.2. Tilraunaverkefni um dýralæknaþjónustu**

**Markmið:**

Að bæta dýralæknaþjónustu og auka velferð dýra á erfiðum svæðum.

**Leiðir:**

Leitað verði leiða að koma á fót tilraunaverkefni til ákveðins tíma sem felur það í sér að á ákveðnu svæði mundi leiðbeiningamiðstöð gera þjónustusamninga að danskri fyrirmynd við bændur um reglubundnar heimsóknir (fyrirbyggjandi dýralæknaþjónustu); einnig með það að markmiði að í samræmi við fyrri ályktanir búnaðarþings og skýrslu lyfjanefndar væri hægt að halda lyf til notkunar í samráði við dýralækninn. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld (MAST og ráðuneyti), Dýralæknafélag Íslands svo og aðra aðila.

Verkefninu verði komið af stað með fjárframlagi frá Ráðgjafarsviði Bændasamtakanna og viðkomandi leiðbeiningarmiðstöð gegn mótframlagi frá öðrum aðilum t.d. sjóðum, sveitarfélögum og MAST.

Gert er ráð fyrir því að verkefnið geti staðið undir sér í framtíðinni.

**Framgangur:**

Stjórn Bændasamtakanna er falið að vinna að verkefninu.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson  
Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson

**7. Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði**

**a) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 þakkar millipinganefnd fyrir störf hennar við endurskoðun leiðbeiningaþjónustunnar í landinu. Megintilgangur þessarar endurskoðunar þarf að miða að því að heildarhagsmunir bænda í landinu séu hafðir að leiðarljósi. Að bændur eigi kost á góðri leiðbeiningaþjónustu á sama verði óháð búsetu.

**Leiðir:** Endurskoðunin miði að því að horfa á heildarhagsmuni bænda en ekki sérhagsmuni einstaka landsvæða.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands tryggja að sú niðurstaða sem fæst á búnaðarþingi 2012 nái fram að ganga og tryggi heildarhagsmuni bænda.

**b) Frá millipinganefnd BÍ**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 telur að efla þurfi faglegan styrk og auka hagkvæmni leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Í því skyni verði ráðgjafarstarfsemi búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands sameinuð í eina rekstrareiningu. Markmið breytinganna er að tryggja bændum aðgang að sambærilegri ráðgjöf, hvar sem þeir búa á landinu, auka faglegt samstarf ráðunauta og nýtingu mannafla, og gera ráðgjafarstörfin eftirsóknarverð.

**Leiðir:** Framlög til leiðbeiningaþjónustu verði hækkuð og þau sameinuð í eitt framlag við endurnýjun búnaðarlagasamnings í árslok 2012.

Eftirlaunaskuldbindingar BÍ og búnaðarsambanda, sem tengjast ráðgjafaþjónustunni verði fjármagnaðar sameiginlega eða samið um að þær falli til hins opinbera við endurnýjun samningsins.

Byggt verði á tillögum Ole Kristensen og auglýst eftir sérstökum verkefnisstjóra til að undirbúa starfsemina. Sem fyrst verði notendahópar búgreina skipaðir, til faglegrar ráðgjafar um mótun starfsins.

Rekstrarlegt fyrirkomulag og ábyrgð verði á hendi Bændasamtaka Íslands.

**Framgangur:** Í komandi samningaviðræðum um búnaðarlagasamning skal þess freistað að afla stuðnings stjórnvalda við ofangreindar tillögur, með það markmið að nýtt fyrirkomulag geti tekið gildi um leið og nýr búnaðarlagasamningur í ársbyrjun 2013. Þá skulu samhliða vinnu við samninginn gerðar tillögur að nauðsynlegum breytingum á búnaðarlögum. Leita þarf samninga við búnaðarsambönd og leiðbeiningamiðstöðvar um fyrirkomulag á yfirfærslu (flutningi) starfsmanna, lausafjár og önnur þau atriði sem máli skipta við uppbyggingu nýs fyrirkomulags.

**Ályktun:**

### **Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 telur að efla þurfi faglegan styrk og auka hagkvæmni leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Í því skyni verði ráðgjafarstarfsemi búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands sameinuð í eina rekstrareiningu. Markmið breytinganna er að tryggja bændum aðgang að sambærilegri ráðgjöf á sömu kjörum hvar sem þeir búa á landinu, auka faglegt samstarf ráðunauta og nýtingu mannafla, og gera ráðgjafarstörfin eftirsóknarverð.

**Leiðir:** Framlög til leiðbeiningaþjónustu verði hækkuð og þau sameinuð í eitt framlag við endurnýjun búnaðarlagasamnings í árslok 2012.

Eftirlaunaskuldbindingar BÍ og búnaðarsambanda, sem tengjast ráðgjafaþjónustunni verði fjármagnaðar sameiginlega eða samið um að þær falli til hins opinbera við endurnýjun samningsins. Byggt verði á tillögum Ole Kristensen og auglýst eftir sérstökum verkefnisstjóra til að undirbúa starfsemina og rekstrarlegt fyrirkomulag hennar. Sem fyrst verði notendahópar búgreina skipaðir, til faglegrar ráðgjafar um mótun starfsins.

Fjárhagsleg ábyrgð verði á hendi Bændasamtaka Íslands.

**Framgangur:** Bændasamtökin þurfa í komandi samningaviðræðum um búnaðarlagasamning að freista þess að afla stuðnings stjórnvalda við ofangreindar tillögur, með það markmið að nýtt fyrirkomulag geti tekið gildi um leið og nýr búnaðarlagasamningur í ársbyrjun 2013. Þá skulu samhliða vinnu við samninginn gerðar tillögur að nauðsynlegum breytingum á búnaðarlögum. Leita þarf samninga við búnaðarsambönd og leiðbeiningamiðstöðvar um fyrirkomulag á yfirfærslu starfsmanna, búnaðar og önnur þau atriði sem máli skipta við uppbyggingu nýs fyrirkomulags.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson  
Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson

## **8. Fræðslumál í landbúnaði**

### **a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda**

**Markmið:** Að notkun þeirra fjármuna sem fara í hagnýtar landbúnaðarrannsóknir verði skilgreind. Jafnframt verði niðurstöðum slíkra rannsókna og tilrauna komið betur á framfæri en nú er, með það að markmiði að slíkt starf nýtist starfandi bændum til bættra búskaparháttá. **Leiðir:** Bændasamtök Íslands óski eftir yfirliti yfir rannsóknir árána 2005-2011 og notkun fjármuna í hverri og einni rannsókn og yfirliti yfir hvar niðurstöður slíkra rannsókna hafi verið birtar. **Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart Landbúnaðarháskólanum og stjórnvöldum.

### **b) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda**

**Markmið:** Að skoðaðir verði möguleikar á því að byggja upp veflæga jafningjafræðslu í landbúnaði. Hugsunin er sú að til verði vefur þar sem bændur geti miðlað af reynslu sinni varðandi búskaparhætti og annað tengt búrekstri s.s. mat á gæðum þjónustu, tækjabúnaðar og aðfanga, sem nýst gæti fleirum í sínum rekstri.

**Leiðir:** Búnaðarþing beini því til Útgáfu- og kynningarsviðs BÍ að það fari yfir möguleika á því að byggja upp þessa þjónustu, t.d. í tengslum við bondi.is eða bændatorgið.

**Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir.

**Ályktun:**



## Rannsóknir í landbúnaði

**Markmið:** Að landbúnaðarháskólum verði tryggt fjármagn til að standa að öflugum rannsóknarstarfi fyrir landbúnaðinn. Jafnframt verði tengsl atvinnuvegarins við háskólana eflað. Niðurstöðum rannsókna verði komið betur á framfæri við þá sem þær nýtast.

**Leiðir:** Við endurskoðun samnings milli Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytis (SLR) verði komið á formlegum samráðsvettvangi milli atvinnuvegarins, LBHÍ og SLR um framkvæmd og forgang í verkefnavali.

Að greinasafn landbúnaðarins verði eflað, leitarmöguleikar lagaðir og það gert sýnilegra á vefmiðlum bænda.

**Framgangur:** Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson  
Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson

## 9. Hugbúnaðarþróun í landbúnaði

### a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að allar markaskrár landsins og þar með landsmarkaskrá verði gerðar aðgengilegar á veraldarvefnum. Þar verði möguleiki að fletta upp með skjótvirkum hætti og kalla fram upplýsingar um eiganda eftir marki, bæjarnúmeri eða brennimarki, auk þess verði hægt að sjá öll mörk tengd einstaka bæjum eða eigendum. Mikilvægt er að þessar upplýsingar verði aðgengilegar með auðveldum hætti og einnig að hægt verði að notast við snjallsíma og spjaldtölvur til þess að sækja upplýsingar. Nauðsynlegt er að eigendur marka geti með miðlægum hætti felld niður mörk sem ekki eru í notkun og einnig sótt um upptöku nýrra marka t.d. á Bændatorginu, í Mark, eða í Fjávís. Þetta myndi auðvelda alla umsýslu markaskráa og mögulega leiða til kostnaðarlækkunar hjá bændum, en kostnaður hefur verið mjög mismunandi eftir sýslum og víða mjög hár að mati bænda.

**Leiðir:** Búnaðarþing beini því til BÍ að kanna möguleika á því að færa umsýslu sveitarfélaga/héraðsnefnda vegna búfjármarka undir einn hatt, sem helst yrði vistaður hjá BÍ. Ennfremur verði lagt mat á hvort tölvudeild samtakanna verði falið að hanna slíkan hugbúnað eða leitað verði til utanaðkomandi fyrirtækja um hönnun á og umsýslu með slíku forriti.

Kanna þarf hvort þau forrit sem fyrir eru geti einnig sinnt þessu hlutverki.

**Framgangur:** Bændasamtök Ísland fylgi málinu eftir.

### b) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 beini því til Bændasamtaka Íslands að vinna markvisst að þróun Fjávís þannig að forritið sinni sem best þörfum notenda á hverjum tíma. Árgjald skal vera sanngjarnt og að allir notendur taki þátt í kostnaði við þróun þess, hvort sem viðkomandi er í netskilum eður ei. Jafnframt þarf áfram að vinna að þróun annarra forrita á vegum Bændasamtaka Íslands og tryggja að tillit sé tekið til óska notenda um þróun og breytingar á þeim.

**Leiðir:** Tryggja þarf að forritarar séu starfandi hjá BÍ til að sinna öllum forritum BÍ. Fara þarf yfir fyrirkomulag innheimtu árgjalda. Vinna þarf að þróun Fjávís og lagfæra hann án tafar samkvæmt þeim athugasemdum sem nú þegar hafa borist.

**Framgangur:** Búnaðarþing 2012 felur stjórn BÍ að fylgja málinu eftir í samstarfi við búgreinafélög.

**Ályktun:**

## Hugbúnaðarþróun í landbúnaði

**Markmið:** Búnaðarþing leggur áherslu á að öll vefforrit Bændasamtakanna verði þróuð áfram í takt við kröfur notenda hverju sinni. Þróunarvinnan byggist á samvinnu ráðgjafasviðs, tölvudeildar og bænda um forgangsröðun verkefna.

Strax verði ráðist í nauðsynlegar uppfærslur á fjarvis.is í samráði við fagráð jafnhliða þróun á nýrri kynslóð af vefforriti fyrir sauðfjárbændur þar sem tekið verði mið af tækniframförum í hug- og vélbúnaði, þ.m.t. spjaldtölvu- og snjallsímalausnum.

Þá verði haldið áfram að þróa vefforrit fyrir landsmarkaskrá, sem verði hluti af hugbúnaðarflöru Bændasamtakanna.

Tryggt verði fjármagn til þess að Bændasamtökin geti áfram verið í fremstu röð í hugbúnaðargerð fyrir landbúnað.

**Leiðir:** Tölvudeild Bændasamtaka Íslands verði tryggt nægilegt fjármagn til þeirrar hugbúnaðarþróunar sem tillagan fjallar um.

**Framgangur:** Búnaðarþing felur stjórn BÍ að vinna að málinu.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson  
Guðbjörg Jónsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson  
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson

## 10. Endurskoðun á félagskerfi bænda

### a) Frá Búnaðarsambandi Austurlands

Búnaðarþing 2012 skorar á stjórn BÍ að skoða sérstaklega stöðu grunneininga félagskerfis bænda í tengslum við heildarendurskoðun félagskerfisins.

**Greinargerð:** Staða hreppabúnaðarfélaganna er mjög mismunandi og þar sem saman fara miklar vegalengdir og fámenni kveppir mjög að tilvist þeirra og starfi. Ekki er annað að sjá, en þessi þróun haldi áfram, ef svo fer sem horfir, og því óhjákvæmilegt að gæta sérstaklega að þessum þætti – nú þegar í hönd fer heildarendurskoðun á félagskerfi bænda.

**Leiðir:** Skoða má heildarendurskoðun grunneininganna allra, þ.e. hreppabúnaðarfélaganna og búgreinafélaganna. Hafa verður í huga hvernig tryggja megi félagsrétt bændafólks um leið og náð verði fram einföldun kerfisins auk nauðsynlegs sparnaðar. Annars konar starfsemi búnaðarfélaganna, svo sem rekstur tækja, er einfalt að skilja frá félagslega þættinum, kjósi menn svo.

### b) Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

#### Stefnumótun vegna félagsgjalda

**Markmið:** Að mótuð verði stefna um hvernig BÍ geti mögulega staðið að innheimtu félagsgjalda.

**Leiðir:** Í ljósi fyrrsjáanlegra breytinga á búnaðargjaldi telur Búnaðarþing 2012 nauðsynlegt að farið verði yfir möguleika BÍ til þess að afla tekna með félagsgjöldum. Skoða þarf samþykktir BÍ með hliðsjón af því og semja breytingatillögur eftir því sem þörf krefur. Þá er einnig nauðsynlegt að útfæra tillögur að samsetningu gjaldsins, fyrirkomulagi innheimtu og skiptingu tekna. Við þetta starf þarf að hafa viðtækt samráð við aðildarfélög BÍ.

**Framgangur:** Stjórn BÍ er falið að vinna að málinu og skila tillögum í samræmi við ofangreint til Búnaðarþings 2013.

**Greinargerð:** Fyrrsjáanlegt er að innheimta þarf félagsgjald til að fjármagna starfsemi BÍ vegna breytinga, eða yfirvofandi breytinga, á búnaðargjaldi. Innleiðing kostar án efa breytingar á samþykktum. BÍ eru heildarsamtök, stýrt af fulltrúum aðildarféлага. Lagt er til að aðild verði persónuleg og aðeins ætluð einstaklingum. Lögaðilar gætu verið aukaaðilar en ekki án þess að við þá sé tengd a.m.k. ein einstaklingskennitala.

Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að búnaðargjald verði innheimt áfram í einhverri mynd, en búast má við því að ráðstöfun þeirra tekna verði háð ströngum skilyrðum, auk þess sem tillögur búnaðarþings gera ráð fyrir að þær verði minni. Framtíðartekjustreymi getur því m.a. byggst á félags- og búnaðargjaldi, félagsgjaldi eingöngu, en tæplega búnaðargjaldi í jafn ríkum mæli og nú er. Hér er ekki verið að velta vöngum yfir upphæðum félagsgjalda heldur aðeins fyrirkomulagi þeirra.

Félagsgjöld eru innheimt með ýmsum hætti hér innanlands. Félagsgjöld Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka verslunar og þjónustu eru hlutfall af launagreiðslum aðildarfyrirtækja. Félagsgjöld Samtaka iðnaðarins eru hins vegar veltutengd. SI eru í líkastri stöðu og BÍ á þann veg að þau fjármöggnuðu sig áður með iðnaðarmálagjaldi sem dæmt var ólöglegt – og hefur verið talið sambærilegt búnaðargjaldi. Félagsgjöld þeirra eru 0.15% af veltu og samtökin hafa heimild til

að nálgast veltutölur frá Ríkisskattstjóra. Það byggir á samþykktum SI og sérstakri heimild frá RSK. Dæmi eru jafnframt um að ofangreind samtök setji hámarks- eða lágmarksfélagsgjöld eða veiti afslætti ef gjöldin fara yfir ákveðnar upphæðir. Þá eru líka til dæmi um að samtök innheimti félagsgjald í gegnum afurðaverð (Landssamtök smábátæigenda) eða innheimti föst gjöld.

Erlendis eru einnig margar útfærslur. Systursamtök BÍ á Norðurlöndunum og í Bretlandi greina á milli margra flokka félagsmanna sem geta t.d. verið eftirfarandi: Félagsmenn með fulla aðild, makar félagsmanna, lögaðilar, meðeigendur, félagar án búreksturs, ungliðar, eldri félagar, námsfólk, stuðningsfélagar o.fl. Að jafnaði er reynt að skapa vettvang fyrir alla sem áhuga hafa og vilja styðja markmið samtakanna, án tillits til þess hvort þeir búa í sveit eða eru með búrekstur, en atkvæðisréttur fylgir þá ekki með. Gjöldin eru eðlilega mishá eftir því um hvers konar aðild er að ræða. Aðild með fullum réttindum er oft veltutengd, miðuð við fjölda gripa eða aðra bústærðarmælikvarða en félagsgjöld fyrir einhvers konar aukaaðild föst fjárhæð.

Hér er lagt til að BÍ útfæri veltutengt félagsgjald. Innheimt yrði þá hlutfall af veltu samkvæmt landbúnaðarframtali að því gefnu að sambærileg heimild fengist frá RSK og SI hafa í dag. Þeir félagsmenn sem hafa litla eða enga veltu greiði þó aldrei minna en skilgreinda lágmarksfjárhæð og á sama hátt mætti ef til vill setja hámarksfjárhæð. Ef greidd eru veltutengd félagsgjöld er eðlilegt að allir sem sannanlega standa að viðkomandi búi fái aðild, en það er svo önnur ákvörðun hvort opna eigi samtökin frekar fyrir fólki sem ekki rekur bú en óskar aðildar (þá án atkvæðisréttar samanber að ofan).

#### Ályktun:

### Endurskoðun á félagskerfi bænda

Búnaðarþing 2012 samþykkir að haldið verði áfram vinnu við endurskoðun á félagskerfi bænda. Skoðað verði sérstaklega hlutverk og staða grunneininga félagskerfisins í tengslum við heildarendurskoðun þess.

#### Markmið:

- a) að stefna að einföldun á félagsaðild að Bændasamtökum Íslands.
- b) að fjármögnun félagskerfisins byggji á innheimtu félagsgjalda.
- c) að skilgreina hvaða réttindi og skyldur fylgja því að vera aðili að Bændasamtökum Íslands.

#### Leiðir:

Stjórn Bændasamtaka Íslands er falið að vinna að málinu í samstarfi við aðildarfélög og leggja mótaðar tillögur að fyrirkomulagi fyrir næsta búnaðarþing.

Árni Brynjólfsson, Einar Ófeigur Björnsson  
Fanney Ólöf Lárusdóttir, Guðmundur Davíðsson  
Sif Jónsdóttir, Þórhallur Bjarnason  
Örn Bergsson

## 11. Fyrirkomulag varðandi álagningu og útgreiðslu búnaðargjalds

### Frá Landssambandi kúabænda

Búnaðarþing 2012 hvetur til að skipulag við áætlun og innheimtu á búnaðargjaldi verði endurskoðað, þannig að útgreiðsla gjaldsins til notenda verði í betra samræmi við gjaldstofninn en raunin hefur verið undanfarin ár.

**Greinargerð:** Innheimta búnaðargjalds byggir á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997. Með lögum nr. 120/2005 var núverandi álagningarhlutfall, 1,2% af gjaldstofni, ákveðið. Samkvæmt fjárlögum 2010 var upphæð búnaðargjalds áætluð 320 milljónir króna það ár. Innheimta það ár samkvæmt ríkisreikningi var 427 milljónir kr. Áætlun samkvæmt fjárlögum 2011 var 400 milljónir en innheimta varð mun meiri, sem m.a. kom fram í mikilli uppsöfnun fjármuna sem greiddir voru út í desember 2011. Þrátt fyrir þetta var áætluð innheimta búnaðargjalds sú hin sama, 400 m.kr., í fjárlögum fyrir árið 2012. Að öllu þessu virtu má því álykta að áætlanir þær sem lagðar eru til grundvallar séu byggðar á veikum grunni og hafi undanfarin ár verið mun lægri en efni standa til. Skapar þetta notendum fjármuna af búnaðargjaldi talsverð óþægindi og veldur þeim örðugleikum í skipulagningu og áætlanagerð í rekstri sínum. Greiðendur búnaðargjalds eiga einnig heimingu á því að fjármunirnir renni til þeirra verkefna sem þeim eru ætlaðir, en liggja ekki óhreyfðir og vaxtalausir hjá Fjársýslu ríkisins misserum saman.

---

**Niðurstaða:** Máli vísað til stjórnar BÍ

## 12. Eldgos í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum

### Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2012 sendir bestu þakkir til allra sem komu íbúum á áhrifasvæðum eldgosa í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum til aðstoðar.

Búnaðarþing leggur ríka áherslu á mikilvægi þess öryggisnets sem þessir aðilar mynduðu í sameiningu.

**Ályktun:**

### Eldgos í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum

Búnaðarþing 2012 sendir bestu þakkir til allra sem komu íbúum á áhrifasvæðum eldgosa í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum til aðstoðar.

Búnaðarþing leggur ríka áherslu á mikilvægi þess öryggisnets sem þessir aðilar mynduðu í sameiningu.

Árni Brynjólfsson, Einar Ófeigur Björnsson  
Fanneý Ólöf Lárusdóttir, Guðmundur Davíðsson  
Sif Jónsdóttir, Þórhallur Bjarnason  
Örn Bergsson

## 13. Orkumál landbúnaðarins

### a) Frá Búnaðarsambandi Austurlands

Búnaðarþing 2012 skorar á stjórnvöld að styðja enn frekar við möguleika bænda á að verða sjálfbærir í orkumálum.

**Greinargerð:** Að bændur verði hvattir til að leita hagkvæmra leiða til orkuöflunar til húshitunar heima á jörðum sínum. Kostnaður vegna húshitunar hefur hækkað gríðarlega mikið hin síðari ár og gefa ýmsar erlendar spár um orkuverð og orkunotkun vísbendingar um að sá kostnaður muni hækka enn meira á næstu árum og áratugum. Það er því mjög mikilvægt að bændur fari að horfa til framtíðar hvað þetta málefni varðar og leiti leiða til að lækka húshitunarkostnað til framtíðar.

**Leiðir:** Auka verður stuðning til nýframkvæmda á sviði orkuöflunar á bújörðum, slíkar framkvæmdir geta verið mjög kostnaðarsamar og því mikilvægt að bændur fái stuðning til slíkra framkvæmda. Í reglugerð um framkvæmd laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar nr. 660/2009 er kveðið á um í 12. gr. III. kafla að hægt sé að sækja um styrki til stofnunar nýrra hitaveitna, yfirtöku starfandi hitaveitna, umhverfisvænnar orkuöflunar og bættrar orkunýtingar. Í reglugerð þessari segir að styrkur til hvernar hitaveitu geti numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan. Æskilegt væri að sá árafjöldi sem reiknast til stuðningsins af niðurgreiðslu til jöfnunar á húshitunarkostnaði yrði aukinn úr 8 árum í 15-16 ár, og að það eigi við um allar tegundir orkuöflunar (varmaskipta, varmadælur, vindmyllur, smávirkanir, sólarsellur, og annað sem getur dregið úr orkunotkun). Ekki er einungis ávinningur af því fyrir íbúa dreifbýlisins, heldur einnig ríkisvaldið, því að í staðinn losna yfirvöld til frambúðar við greiðslur vegna jöfnunar á húshitunarkostnaði í dreifbýli, til þeirra aðila sem hljóta styrk til framkvæmda. Það er mjög mikilvægt til lengri tíma að bændur skapi sér þá stöðu að verða sjálfum sér nógir um orku fyrir húshitun og almennan búrekstur og nái með því að lækka kostnað vegna orkukaupa.

**Framgangur:** Búnaðarþing beini því til Bændasamtaka Íslands að fara fram á breytingu á reglugerð nr. 660/2009 er varðar framkvæmd laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar með það að markmiði að auka möguleika á sjálfbærni í orkuöflun til húshitunar. Jafnframt að tryggt verði að nægilegt fjármagn til stuðnings vegna nýframkvæmda á sviði orkuöflunar í dreifbýli, samfara beiðni um breytingu á reglugerðinni.

### b) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Verkefnið miðar að því að innleiða í íslenskan landbúnað þekkingu á framleiðslu og nýtingu á orku sem verður til úr lífrænum hráefnum er verða til á búum eða eru sérstaklega framleidd í þeim tilgangi.

**Leiðir:** Greina þarf núverandi orkunotkun og veita ráðgjöf um aðferðir er geti leitt til minni notkunar á aðkeyptri orku og aukinnar hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í þeirri notkun. Niðurstöður greiningarinnar skulu liggja fyrir í lok desember 2013.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands (BÍ) og Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) ásamt Orkustofnun leiði

þetta átaksverkefni og afli samstarfsaðila eftir því sem við á.

**Greinargerð:** Framtíðarhorfur í fæðuframléiðslu heimsins kalla á nýjar lausnir og nýja hugsun og við því þarf íslenskur landbúnaður að bregðast. Fyrirsjáanlegar breytingar á heimsvísu munu færa íslenskum sveitum ný tækifæri. Íslenskur landbúnaður hefur alla möguleika á að geta sjálfur framleitt þá orku sem þarf til reksturs búanna og þegar fram í sækir jafnvel verið aflögufær til annarra hluta samfélagsins.

Þannig mun íslenskur landbúnaður verða minna háður sveiflum í verði á eldsneyti á erlendum mörkuðum. Eingöngu úr þeim búfjárúrboði sem þegar er til staðar má auðveldlega framleiða það eldsneyti sem þarf á vélar og tæki meðalbúsins.

Aukin orkuvinnsla í íslenskum landbúnaði hefur margvíslegar jákvæðar afleiðingar. Sjálfstæði landbúnaðarins þegar kemur að orku er afar mikilvægt fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Núna byggir framleiðslan að verulegu leyti á innfluttu eldsneyti.

Landbúnaður á sinn hlut í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) og metanframleiðsla á búum myndi draga úr þessari losun og hafa áhrif á kolefnislosun landsins í heild.

## Ályktun:

### 13.2.1. Stuðningur við orkusparnað

#### Markmið

Búnaðarþing 2012 skorar á iðnaðarráðherra að koma myndarlega til móts við almenning í landinu með breytingu á reglugerð nr 660/2009 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar með það að markmiði að auka sjálfbærni í orkuöflun og lækka orkukostnað.

#### Leiðir

Núverandi reglugerð kveður á um allt að 8 ára niðurgreiðslu en Búnaðarþing 2012 leggur til að hún verði 16 ár.

#### Framgangur

Búnaðarþing beinir því til Bændasamtaka Íslands að fara fram á breytingu á reglugerð nr. 660/2009. Jafnframt að tryggt verði nægilegt fjármagn til stuðnings vegna framkvæmda við orkuöflun í dreifbýli.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir  
Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Benediktsson  
Matthías Lýðsson, Nanna Jónsdóttir

## Ályktun:

### 13.3.2. Orkumál landbúnaðarins

#### Markmið

Búnaðarþing 2012 ályktar að stefnt verði að sjálfbærni íslensks landbúnaðar hvað orku varðar.

#### Leiðir

Búnaðarþing skorar á stjórnvöld að styðja verkefnið sem felst í að byggja upp þekkingu sem nýtist bændum beint þegar kemur að orkusparandi aðgerðum og orkunýtingu með virkjun endurnýjanlegra auðlinda.

Þegar verði leitað samstarfs við Lbhí í málaflokknum. Meðal annars um gerð námsefnis, utanumhald um árangur svo og ráðgjöf til stjórnvalda og samvinnu um stefnumörkun.

#### Framgangur

Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir og skila búnaðarþingi 2013 skýrslu um árangur og næstu skref.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir  
Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Benediktsson  
Matthías Lýðsson, Nanna Jónsdóttir

## 14. Ágangur villtra dýra og fugla

### a) Frá Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu

Stjórn Búnaðarsambands Austur-Skaftafellinga beinir því til Búnaðarþings að fulltrúar þess beiti sér fyrir því að finna lausn á þeim vandamálum er fylgja miklum og vaxandi ágangi álfra, gæsa og hreindýra í ræktunarlönd bænda í Austur-Skaftafellssýslu. Óskar stjórn Búnaðarsambandsins eftir því að fulltrúar á Búnaðarþingi finni þessu máli farveg og komi því til rétttra aðila.

**Greinargerð:** Undanfarin ár hafa bændur orðið fyrir miklu tjóni af völdum ágangs fugla í túnnum og kornökrum og þá helst álfra. Hefur þetta vandamál aukist verulega með tímanum þar sem ekkert hefur verið gert til að sporna við því. Þá er ágangur hreindýra orðinn verulegur á sumum jörðum þar sem hreindýrin eru í túnnum og ökrum meiripart ársins. Tjón af þeirra völdum er verulegt þar sem þau skemma líka girðingar. Vegna þessa ágangs fugla og hreindýra hafa margir bændur hugleitt það að hætta í kornrækt og minnka endurrækt þar sem það svarar varla kostnaði lengur. Bændasamtökin hafa sl. haust tekið út kostnað vegna þessa og ætti sá þáttur að birtast fljótlega.

### b) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2012 ítrekar mikilvægi þess að dregið verði úr tjóni af völdum álfra og gæsa. Búnaðarþing felur stjórn BÍ að vinna áfram að málinu, m.a. með því að:

- Láta meta árlega með faglegum hætti tjón af völdum álfra og gæsa á ræktarlöndum og koma á framfæri við stjórnvöld.

- Þrýsta á stjórnvöld að bæta skilvirkni við veitingu undanþága frá friðun fugla þar sem um tjón af völdum þeirra er að ræða.

### c) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Að leita nýrra leiða til að gera refaveiðar að sportveiðum og horfa í þeim efnum til ferðaþjónustu víðs vegar um land.

**Leiðir:** Gera þarf tilraun í þessum efnum þar sem meginmarkmiðið væri að gera refaveiðar eftirsóknarvert sport sem ferðaþjónustuaðilar í samstarfi við landeigendur selji sem hluta af sinni þjónustu. Móta þarf leiðbeinandi ramma utan um refaferðaþjónustu til að þeir sem eiga hagsmuna að gæta séu samtaka í þessu verkefni og það fari vel af stað.

**Framkvæmd:** Bændasamtök Íslands leiði vinnu fulltrúa ferðaþjónustuaðila, landeigenda/bænda og refaveiðimanna (hugsanlega einhverra fleiri aðila) þar sem megin markmiðið er að skoða forsendur fyrir slíkri ferðaþjónustu, möguleika, sóknarfæri og áhættuþætti.

**Greinargerð:** Vegna mikilla fjölgunar á ref og minnkandi fjárveitingu frá hinu opinbera þurfa bændur að finna aðrar leiðir til að fækka ref og minnka ágang af hans völdum. Það er mikill áhugi fyrir allri sportveiði og þetta fellur vel að því. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar komi að verkefni sem þessu til þess að tryggja að verkefnið fari vel af stað. Þá er nauðsynlegt að skapaður sé ákveðinn rammi utan um refaferðaþjónustu til að tryggja að rétt sé staðið að málum.

### d) Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

#### Skotveiðar á gæs utan veiðitíma

**Markmið:** Tryggja að fyrirhugað tilraunaverkefni umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Bændasamtaka Íslands um skotveiðar á gæs utan veiðitíma komist í framkvæmd.

**Leiðir:** Máli nr. 37 frá Búnaðarþingi 2010 verði áfram haldið opnu og unnið að framgöngu þess.

**Framgangur:** Stjórn BÍ þrýsti á umhverfisráðherra að ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að verkefnið nái fram að ganga sbr. umfjöllun um málið í framvinduskýrslu Búnaðarþings 2012.

Ályktun:

## 14.2. Skotveiðar á gæs utan veiðitíma

### Markmið

Tryggja að fyrirhugað verkefni Umhverfisstofnunar og Bændasamtaka Íslands um skotveiðar á gæs utan veiðitíma komist í framkvæmd.

### Leiðir

Máli nr. 37 frá Búnaðarþingi 2010 verði áfram haldið opnu og unnið að framgöngu þess.

### Framgangur

Stjórn BÍ þrýsti á umhverfisráðherra að ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að verkefnið nái fram að ganga sbr. umfjöllun um málið í framvinduskýrslu Búnaðarþings 2012.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir

Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Benediktsson  
Matthías Lýðsson, Nanna Jónsdóttir

## 15. Nýting svartfuglastofna

### Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 mótmælir hugmyndum starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði í september 2011 um að breyta 20 gr. laga nr. 64/1994 um hlunnindarétt og sölu afurða til þess að friða fimm tegundir sjófugla af svartfuglaætt umhverfis Ísland næstu fimm árin. Farsælli leið er að semja við rétthafa hlunninda um takmarkanir á nýtingu í tiltekinn árafjölda á meðan verið er að afla þekkingar á minnkandi stofnum fugla af svartfuglaætt.

**Leiðir:** Bændasamtök Íslands ásamt félögum veiðimanna, veiðifélögum, félögum landeigenda og fleirum er málið gæti varðað myndi breiða samstöðu um að koma sínum sjónarmiðum og mikilvægi hagsmuna einstaklinga og byggðarlaga á framfæri við stjórnvöld.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands hafi forgöngu um málið.

### Ályktun:

#### Takmörkun á hlunnindanýtingu

##### Markmið

Búnaðarþing 2012 mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 64/1994 sem birtast í fram komnum frumvarpsdrögum dags. 7/2/2012.

Búnaðarþing getur þó stutt tímabundið veiðibann á svartfuglastofnum byggt á núgildandi lagaheimildum og samningum við eigendur og rétthafa hlunnindanna.

##### Leiðir

Bændasamtök Íslands, sveitarfélög, félög veiðimanna, landeigendur og félög þeirra myndi samstöðu um að koma sjónarmiðum rétthafa á framfæri við stjórnvöld.

##### Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir  
Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Benediktsson  
Matthías Lýðsson, Nanna Jónsdóttir

## 16. Fjármálapjónusta og skuldamáli í landbúnaði

### a) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2012 fagnar almennum aðgerðum Landsbankans hf. gagnvart skilvísium viðskiptavinum með endurgreiðslu vaxta og lækkun skulda.

Búnaðarþing skorar á aðrar bankastofnanir að koma með sambærilegar aðgerðir á móts við skilvísa viðskiptavini sína. Ólíðandi er að þeir viðskiptavinir sem standa í skilum og fóru varlega í skuldsetningu búa sinna fái engar leiðréttingar og búi við algjört skilningsleysi á aukinni greiðslubyrði lána.

### b) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarþing 2012 skorar á ríkisstjórn Íslands að kanna með hvaða hætti megi auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði, lántakendum til hagsbóta.

Núverandi fyrirkomulag gerir einstaklingum og fyrirtækjum nær ókleyft að skipta um viðskiptabanka vegna álaga við slíka framkvæmd. Má í því nafni nefna stimpil- og þinglýsingargjöld á endurfjármögnun lána, uppgreiðslugjöld og hækkuð vaxtakjör. Nauðsynlegt er að gerð verði úttekt á þessu fyrirkomulagi og kannaðar verði leiðir til úrbóta með það að markmiði að ná fram eðlilegri viðskiptaháttum.

### c) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 lýsir mikilli óánægju með hversu margir bændur í skuldavanda hafa ekki enn fengið úrlausn sinna mála. Í flestum tilfellum er um að ræða nýjar fjárfestingar sem jafnframt eru

grunnur til framtíðar og skipta verulegu máli við matvælaframleiðsluna í landinu. Þá er það alveg óásættanlegt hvernig fjármálastofnanir þvinga viðskiptavinina sína til viðskipta með álagningu gjalda s.s. stimpilgjalda og þinglýsingagjalda við uppgreiðslu lána og/eða tilfærslu viðskipta milli stofnana.

**Leiðir:** Fjármálastofnanir verða að auka afgreiðsluhraða og frelsi viðskiptavina.

Framgangur: Bændasamtök Íslands verða að auka enn frekar þungann í þessari vinnu og kalla til liðs við sig áhrifafólk og löglært fólk eftir því sem við á.

#### **d) Frá Búnaðarsambandi Suðurlands**

Búnaðarþing 2012 ítrekar fyrri ályktanir um raunhæfar lausnir í skuldamálum bænda í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Nokkur fjöldi bænda hefur gengið frá skuldamálum sínum í formi rekstrarláns og biðláns til þriggja ára, án þess að vita hvað biður þegar biðlán gjaldfellur.

Tekið er undir álit eftirlitsnefndar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem fram kom í skýrslu nefndarinnar til efnahags- og viðskiptaráðherra í september. Á bls. 66 í skýrslu nefndarinnar segir meðal annars:

„Í ljósi takmarkaðra möguleika bænda til að bæta greiðslugetu sína í náginni framtíð, er það álit nefndarinnar að líklegt sé að stór hluti biðlána muni ekki innheimtast að öllu öðru óbreyttu. Vegna þessa ríkir óvissa um framtíð og meðferð þeirra. Komi til eignasölu skapast forsendur til að greiða rekstrarlánin upp, en án þess er vandséð með hvaða hætti biðlán verði greidd. Vegna þessarar óvissu telur nefndin að æskilegt væri að tekið væri á því með einhverjum hætti í samkomulagi milli banka og bænda hvað gert verði með biðlánið að þremur árum liðnum.“

Einnig er tekið undir landsfundarályktanir Sjálfstæðisflokksins í atvinnumálum og um fjármál heimilanna frá sl. hausti, þar sem fjallað er um skuldamál bænda. Þar kemur m.a. fram:

„Átalið er hve seint hefur gengið að leysa úr skuldamálum bænda. Í því sambandi verði að horfa til þess að á bújörðum eru jafnframt heimili bænda. Til þess þarf að horfa við lausn á skuldamálum þeirra. Taka verður sérstakt tillit til bænda vegna þess vanda sem felst í misræmi á milli eignastöðu og afkomu“.

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að mat á virði bújarða í tengslum við skuldaaðlögun bænda verði framkvæmt af úrskurðarnefnd sem fjármálastofnanir og bændasamtök koma sér saman um til þess að tryggja að allir sem fá skuldaaðlögun sitji við sama borð og jafnræðis sé gætt“.

Búnaðarþing 2012 leggur áherslu á að stjórn BÍ beiti sér af fullum þunga í þessum málum, meðal annars með því að ná fram samkomulagi með samtökum fjármálafyrirtækja, stjórnvöldum og annarra aðila um framtíðarlausn hvað varðar biðlán á jörðum. Lausn í þessum málum verður að byggja á því að bændur sjái tilgang í því að viðhalda til framtíðar rekstri á viðkomandi jörðum.

#### **Ályktun:**

### **Fjármálaþjónusta og skuldamál í landbúnaði**

#### **Markmið**

Búnaðarþing 2012 ítrekar ályktun frá fyrra ári um fjármál bænda og átelur harðlega seinangang við lausnir á skuldamálum bænda.

Þingið telur nauðsynlegt að horfa til framtíðar og ljúka úrvinnslu mála sem tengjast efnahagshruninu 2008 svo endurreisn geti hafist af krafti. Sá seinangangur sem verið hefur á lausnum skuldamála og sanngjörnum lagfæringum á stökkbreyttum lánnum fjölskyldna og fyrirtækja, hefur frestað nauðsynlegum ákvörðunum um uppbyggingu og atvinnusköpun til framtíðar.

#### **Leiðir**

Bændasamtökin gera kröfu um að:

- Komist verði að samkomulagi um aðferðir við mat á bújörðum er taki mið af núverandi starfsemi og ástandi jarðanna.
- Búrekstraráætlanir er taki tillit til eðlilegrar afkomu bænda og endurnýjunar rekstrar- og fastafjármuna verði lagðar til grundvallar við lausnir.
- Lausnir verði sniðnar að mismunandi rekstrareiningum þannig að boðið verði upp á framtíðarlausnir í lánamálum án tillits til bústærðar.
- Skilmálar fjármálagjörninga verði skýrir, skerði ekki réttindi sem kunna að skapast við seinni tíma úrskurði og/eða dóma. Gera verður kröfu um að fjárhagsleg endurskipulagning sé til lengri tíma.
- Mótaðar verði aðgerðir til leiðréttingar á verðtryggðum lánnum með sanngirnissjónarmið að leiðarljósi og komi þær til móts við almenning og bændur er sýndu ráðdeild og skynsemi við ákvarðanatöku á árunum fyrir hrun.
- Afdrif biðlána verði sem fyrst skýrð í samræmi við ályktun eftirlitsnefndar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, sem fram kom í skýrslu nefndarinnar til efnahags- og viðskiptaráðherra í september 2011



- Samkeppnisskilyrði í bankastarfsemi verði bætt með því að:
  - o Takmarka eða setja reglur um uppgreiðslugjöld lána.
  - o Lántökugjöld verði í samræmi við raunverulega umsýslu lánsins.
  - o Stimpilgjöld verði ekki innheimt við endurfjármögnun lána milli lánastofnana.

Bændasamtökin vinni að því að leita leiða til þess að takmarka persónulegar ábyrgðir í landbúnaðarrekstri, m.a. með því að skilgreina og veita ráðgjöf um heppilegt rekstarform fyrir búrekstur og aðskilja persónulegar eignir í meira mæli frá búrekstri.

#### **Framgangur**

Búnaðarþing leggur áherslu á að stjórn Bændasamtaka Íslands beiti sér af fullum þunga í þessum málum og leiti lausna í samráði við önnur hagsmunasamtök.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson  
Jóhannes Ævar Jónsson, Vigdís Sveinbjörnsdóttir

### **17. Kúasæðingar**

#### **a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga**

Búnaðarþing 2012 beinir því til stjórnar BÍ að áfram verði unnið að jöfnun á kostnaði bænda við kúasæðingar. Ekki er ásættanlegt að margfaldur munur sé á kostnaði bænda við kúasæðingar eftir búsetu.

#### **b) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 lýsir yfir ánægju með það skref sem stigið var til að leiðrétta skiptingu á fjármunum til kúasæðinga í kjölfar ályktunar frá búnaðarþingi 2011. Nauðsynlegt er að halda starfinu áfram þar sem enn er mismunur eftir landshlutum umtalsverð. Ljóst er að ná verður jöfnuði á kostnaði kúabænda vegna nautgripasæðinga, enda forsenda framfara í nautgriparækt að allir bændur nýti sér sæðingar.

**Leiðir:** Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin eru hvött til áframhaldandi vinnu við hagræðingu í kúasæðingum og að leita allra leiða til jafnaðar.

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands ásamt Landssamtökum kúabænda hafi forgöngu um málið og tryggi kúabændum jöfnuð í þessum efnum.

**Ályktun:**

#### **Kúasæðingar**

##### **Markmið:**

Búnaðarþing 2012 beinir því til stjórnar B.Í. að skoða kosti og galla þess að sameina starfsemi kúasæðinga á landinu öllu með það að markmið að ein og sama gjaldskrá verði látin gilda fyrir alla.

##### **Leiðir:**

Málið verði unnið í samráði við Búnaðarsamböndin og Landssamband kúabænda.

##### **Framgangur:**

Málið sent stjórn B.Í. Niðurstaða liggi fyrir á næsta búnaðarþingi.

Guðný H. Jakobsdóttir Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson Jóhann Nikulásson  
Jóhannes Ævar Jónsson Vigdís Sveinbjörnsdóttir

### **18. Notkun og nýtingarmöguleikar ríkisjarða**

#### **a) Frá Landssamtökum sauðfjábænda**

**Markmið:** Að ríkisjörðum þar sem ekki er stundaður búrekstur verði komið í notkun. Þó nokkuð er um að ríkisjarðir séu annað hvort ekki í útleigu, eða að jarðirnar séu byggðar án skilyrða um búrekstur. Mikil eftirspurn hefur verið eftir jarðnæði til búskapar á undanförunum árum en vegna ónógs framboðs af ódýru lánsfjármagni samfara háu jarðaverði hefur fólk sem hyggst fara í búskap ekki séð sér fært að fjárfesta í landi til búrekstrar. Með betri nýtingu ríkisjarða til búrekstrar er mögulegt að mæta sjónarmiðum þessa hóps, efla búskap í hinum dreifðari byggðum og einnig myndi ríkisvaldið sýna ábyrgð gagnvart nýliðun í landbúnaði og sjónarmiðum fæðuöryggis.

**Leiðir:** Búnaðarþing beini því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir lagabreytingu varðandi notkun og nýtingu ríkisjarða með það að markmiði að fólki verði gert kleift að hefja búrekstur á þeim ríkisjörðum sem ekki eru notaðar til búrekstrar í dag.

**Framgangur:** Bændasamtök Ísland fylgi málinu eftir gagnvart sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

---

**Niðurstaða:** Erindi kemur ekki úr nefnd.

## 19. Fæðuöryggi Íslands

### a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að mótuð verði stefna um fæðuöryggi Íslands. Íslensk stjórnvöld hafa aldrei farið skipulega yfir fæðuöryggi landsins, ógnanir við það og möguleg viðbrögð. Brýnt að er að sú vinna fari fram. Þessi mál hafa komið til skoðunar víða í nágrannalöndum okkar, en ekki af hálfu íslenskra stjórnvalda, enn sem komið er.

**Leiðir:** Búnaðarþing skori á stjórnvöld að móta stefnu um fæðuöryggi Íslands í samstarfi við fagaðila.

**Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum

**Ályktun:**

## Fæðuöryggi Íslands

**Markmið:** Að mótuð verði stefna um fæðuöryggi Íslands. Íslensk stjórnvöld hafa aldrei farið skipulega yfir fæðuöryggi landsins, ógnanir við það og möguleg viðbrögð. Brýnt er að sú vinna fari fram. Þessi mál hafa komið til skoðunar víða í nágrannalöndum okkar, en ekki af hálfu íslenskra stjórnvalda, enn sem komið er.

**Leiðir:** Búnaðarþing skori á stjórnvöld að móta stefnu um fæðuöryggi Íslands í samstarfi við þar til bæra fagaðila.

**Framgangur:** Stjórn BÍ verði falið að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum.

Egill Sigurðsson, Guðrún Lárusdóttir  
Ingvi Stefánsson, Jón Magnús Jónsson  
Sig. Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson  
Sigurður Loftsson, Sveinn Auðunn Sæland

## 20. Búvörusamningar

### a) Frá Landssamtökum sauðfjárbænda

**Markmið:** Að óska eftir framlengingu á búvörusamningum við ríkisvaldið. Mikil óvissa ríkir enn í íslensku efnahagslífi og ljóst að svo mun verða á næstu misserum. Nú í vor eru þrjú ár síðan samningar náðust um skerðingu á vísitölutengingu búvörusamninga í stað framlengingar um tvö ár. Eðlilegt er að fara yfir stöðu samninganna nú og mögulega semja um viðbótarframlengingu samninganna. Mikil óvissa fyrir landbúnaðinn er samfara aðildarviðræðum við ESB og ljóst að þær viðræður munu enn taka nokkurn tíma.

**Leiðir:** Búnaðarþing beinir því til BÍ og þeirra búgreinafélaga sem aðild eiga að búvörusamningum að hefja viðræður við stjórnvöld um framlengingu búvörusamninga í allt að þrjú ár.

**Framgangur:** Bændasamtök Ísland í samráði við einstaka búgreinafélög fylgi málinu eftir gagnvart sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

### b) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 skorar á sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að hefja viðræður við Bændasamtök Íslands, um framtíð búvörusamninga og framlengingu þeirra.

Mikilvægt er að treysta rekstrarumhverfi bænda, skapa stöðugleika og framtíðarsýn, til að landbúnaðurinn hafi möguleika á að þróa sig áfram og takast á við að skapa verðmæti og atvinnu. Samkomulag um breytingu búvörusamninga frá 18. apríl 2009 var mikilvægt skref til að takast á við

erfiðleika og í framhaldi af þeirri samningsgerð skapaðist stöðugleiki og festa. Því er mikilvægt þegar nú líður að lokum þess samkomulags að meta árangur og takast á við að byggja upp til lengri tíma. Leiðir: Hafnar verði viðræður um framlengingu á búvörusamningum til þriggja ára, sem viðbót við núverandi gildistíma þeirra, fyrir árslok 2012.

**Framgangur:** BÍ, LK, LS og Samband garðyrkjubænda óski eftir viðræðum við sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið.

#### **c) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga**

Búnaðarþing 2012 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að kvótamarkaður fyrir mjólk verði haldinn fjórum sinnum á ári til að greiða fyrir viðskiptum með greiðslumark mjólkur.

#### **d) Frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar**

Búnaðarþing 2012 hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að breyta reglugerð nr. 190 frá 24.2.2011, um markaðsfyrirkomulag vegna aðilaskipta að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum, þannig að markaðsdögum verði fjölgað úr tveimur í þrjá.

#### **e) Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Kjalarness**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 telur nauðsynlegt að fjölga uppboðsdögum á mjólkurkvóta, sérstaklega til að auka sveigjanleika framleiðenda undir lok árs (verðlagsárs), m.a. til að mæta óvæntum áföllum.

**Leiðir:** Bændasamtök Íslands í samvinnu við Landssamband kúabænda verða að ná samkomulagi við ráðherra um fjölgun uppboðsdaga.

**Framgangur:** Æskilegast er að þessi breyting taki gildi strax á þessu ári.

**Ályktun:**

### **20.2.1 Búvörusamningar**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 skorar á sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að hefja viðræður við Bændasamtök Íslands, um framlengingu gildandi búvörusamninga.

Mikilvægt er að treysta rekstrarumhverfi bænda, skapa stöðugleika og áframhaldandi framþróun viðkomandi búgreina.

**Leiðir:** Búnaðarþing beinir því til BÍ og þeirra búgreinafélaga sem málið varðar að óska eftir viðræðum við stjórnvöld um framlengingu búvörusamninga.

**Framgangur:** Bændasamtök Ísland í samráði við viðkomandi búgreinafélög fylgi málinu eftir gagnvart sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Egill Sigurðsson, Guðrún Lárusdóttir  
Ingvi Stefánsson, Jón Magnús Jónsson  
Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson  
Sigurður Loftsson, Sveinn A Sæland

**Ályktun:**

### **20.2.2. Viðskipti með greiðslumark mjólkur**

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fjölga markaðsdögum með greiðslumark mjólkur þannig að þeir verði a.m.k. þrír á ári.

**Leiðir:** Ályktuninni verði komið á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

**Framgangur:** Bændasamtök Íslands vinni að málinu í samráði við Landssamband kúabænda.

Egill Sigurðsson, Guðrún Lárusdóttir  
Ingvi Stefánsson, Jón Magnús Jónsson  
Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson  
Sigurður Loftsson, Sveinn A Sæland

## 21. ESB

### a) Frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Búnaðarþing 2012 ítrekar andstöðu sína við inngöngu Íslands í ESB og krefst þess að aðildarumsókn Íslands verði dregin til baka.

### b) Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

#### Aðildarviðræður við Evrópusambandið

**Markmið:** Varnarlínur Bí verði virtar í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og stjórnvöld setji tafarlaust fram samningsmarkmið sem verndi með skýrum hætti hagsmuni íslensks landbúnaðar.

**Leiðir:** Fulltrúar Bí komi þessum skilaboðum búnaðarþings með skýrum hætti á framfæri í nefndarstörfum vegna ESB-umsóknar stjórnvalda. Stjórn Bí komi þeim með sama hætti á framfæri við íslensk stjórnvöld og sendifulltrúa Evrópuríkja hérlendis.

**Framgangur:** Stjórn Bí er falið að vinna áfram að málinu af þunga.

Ályktun:

#### Aðildarviðræður við Evrópusambandið

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 krefst þess að varnarlínur Bí verði virtar í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins. Stjórnvöld setji tafarlaust fram samningsmarkmið sem verndi með skýrum hætti hagsmuni íslensks landbúnaðar.

**Leiðir:** Fulltrúar Bí komi þessum skilaboðum búnaðarþings með skýrum hætti á framfæri í nefndarstörfum vegna ESB-umsóknar stjórnvalda. Stjórn Bí komi þeim með sama hætti á framfæri við íslensk stjórnvöld og sendifulltrúa Evrópuríkja hérlendis.

**Framgangur:** Stjórn Bí er falið að vinna áfram að málinu af þunga.

Egill Sigurðsson, Guðrún Lárusdóttir  
Ingví Stefánsson, Jón Magnús Jónsson  
Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson  
Sigurður Loftsson, Sveinn A Sæland

## 22. Kjarasamningar við starfsfólk í landbúnaði

### Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

**Markmið:** Skýra umboð stjórnar Bí, f.h. bænda til að gera samninga við stéttarfélag, f.h. starfsfólks í landbúnaði, um lágmarkskjör og afmarka gildissvið þeirra samninga.

**Leiðir:** Búnaðarþing 2012 heimilar stjórn Bí að gera leiðbeinandi samninga um lágmarksstarfskjör á bændabýlum og felur stjórn að vinna að afmörkun verkefnisins.

**Framgangur:** Stjórn Bí er falið að vinna að málinu.

**Greinargerð:** Þann 12. september 2011 voru undirritaðir kjarasamningar Bí við Starfsgreinasamband Íslands og 3 stéttarfélag, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Verkalýðsfélag Akraness. Bí lögðu samhliða fram yfirlýsingu sem grundvallaðist á bókun stjórnar Bí frá stjórnarfundum 15. júní 2011 en þar segir m.a.:

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fullan skilning á afstöðu Starfsgreinasambandsins og afstaða Bændasamtakanna er sú sama og í tíð Stéttarsambands bænda, þ.e. að samtök bænda hafa ávallt leitast við að hafa góða umgjörð um launakjör starfsfólks í landbúnaði og vilja gera það áfram. Hins vegar telur stjórn vandséð hvernig samtökin geta staðið að gerð kjarasamnings vegna stöðu þeirra m.t.t. úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2009, þar sem fallist er á þá skoðun Samkeppniseftirlitsins að Bændasamtökin teljist vera samtök fyrirtækja í skilningi samkeppnislaga m.a. með vísan til þess að þau geri kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda í landinu og hlutverk samtakanna samkvæmt samþykktum þess er m.a. að annast samningagerð fyrir hönd íslenskra bænda um kjör starfsfólks í landbúnaði. Nú er hins vegar svo komið að samtökin geta ekki sinnt þessu hlutverki án þess að litið verði á þau þröngt sem samtök fyrirtækja án þess að tekið sé tillit til annarra hlutverka samtakanna en með þessu er þeim því gert erfitt að sinna öðrum hlutverkum sínum, s.s. að berjast fyrir bættum kjörum bænda.

Í yfirlýsingu sem gefin var við undirritun kjarasamninganna segir m.a.:

Bændasamtökin hafa fullan skilning á afstöðu Starfsgreinasambandsins og Framsýnar- stéttarfélags og gera sér grein fyrir því að öll frekari töf sem verður á lúkningu málsins er óheppileg. Þar af leiðandi hafa

Bændasamtökin ákveðið að gera kjarasamning við framangreinda aðila. Bændasamtökin munu kynna samninginn fyrir Búnaðarþingi 2012 þar sem hann mun fá umfjöllun ásamt því að rætt verður um framtíðarskipulag við kjarasamningagerð. Þá munu Bændasamtökin, eins og áður sagði, leggja áherslu á að hitta sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra vegna þeirrar stöðu sem upp er komin.

Um aðild að kjarasamningi er fjallað á heimasíðu ASÍ. Þar segir m.a.:

Aðild að kjarasamningi er lögbundin. Ákvæði um hana er að finna í 5. og 6. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

### **Aðilar kjarasamninga**

Í 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur segir að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Í 6. gr. laganna segir síðan að allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skuli vera skriflegir. Því eru það stéttarfélögin sem eru samningsaðillinn fyrir hönd launþega. Það hefur verið skýrt þannig að það sé alltaf félagið, sem hafi samningsréttinn, en hvorki samband stéttarféлага né einstakar deildir félagsins. Hins vegar getur félagið tekið ákvörðun um að fela sambandi, landssambandi, svæðasambandi eða heildarsamtökum svo sem ASÍ, umboð til samningsgerðar. Það umboð er venjulega gefið þannig að sambandið gerir samninginn fyrir hönd viðkomandi félags og með fyrirvara um samþykki þess. Samningurinn verður ekki bindandi fyrir félagið fyrr en hann hefur verið samþykktur af félaginu.

Einstakir hópar innan félags geta heldur ekki verið aðilar að kjarasamningi svo gilt sé, heldur verður samningur alltaf að vera í nafni félagsins sjálfs. Sé félag deildaskipt er sá háttur oft hafður á að samningur, sem einungis nær til einnar deildar er borinn upp á fundi í félaginu, þar sem félagar deildarinnar eru sérstaklega boðaðir. Er þetta eðlilegt út frá því sjónarmiði að aðrir eiga ekki að vinna eftir þeim samningi og því eiga þeir ekki að hafa áhrif á niðurstöður samningsins. Samningurinn verður þó alltaf gerður í nafni félagsins.

Atvinnurekendur setja ekki skilyrði um að einungis félög atvinnurekenda eða sambönd geti verið aðilar að kjarasamningi. Þar er aðeins talað um atvinnurekendur ótilgreint í 6. grein, en í 14. gr., sem fjallar um heimild til verkfallsboðunar og verkabannsboðunar segir að félög atvinnurekenda og einstakir atvinnurekendur geti boðað til verkabanns. Af þessu er ljóst að einstakur atvinnurekandi getur verið aðili að kjarasamningi, svo og félag atvinnurekenda eða samband atvinnurekenda.

### **Hverja bindur kjarasamningur?**

Kjarasamningur bindur ekki aðeins félagsmenn þess stéttarfélags sem hann gera, heldur einnig alla þá sem vinna þau störf sem samningurinn tekur til á félagssvæðinu. Samkvæmt 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til.

Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Því skiptir ekki máli hvort launamaður er félagsmaður í stéttarfélagi eða ekki, né hvort atvinnurekandi er aðili að samtökum atvinnurekenda eða ekki. Kjarasamningurinn kveður á um lágmarkskjör þessara aðila. Tilgangur þessa ákvæðis er sá að tryggja launafólki ákveðin lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum og koma í veg fyrir að menn séu þvingaðir til að standa utan stéttarféлага í sparnaðartilgangi. Þetta ákvæði gerir það jafnframt að verkum að þau sjónarmið heyrast að ekki sé þörf á félagsaðild að stéttarfélagi, menn njóti kjaranna eftir sem áður.

### **Ályktun:**

#### **Kjarasamningar við starfsfólk í landbúnaði**

**Markmið:** Skýra umboð stjórnar BÍ til að gera samninga fyrir hönd bænda við stéttarfélög starfsfólks í landbúnaði um lágmarkskjör og afmarka gildissvið þeirra samninga.

**Leiðir:** Búnaðarþing 2012 heimilar stjórn BÍ að gera leiðbeinandi samninga um lágmarksstarfskjör á bændabýlum og felur stjórn að vinna að afmörkun verkefnisins.

**Framgangur:** Stjórn Bændasamtaka Íslands er falið að vinna að málinu.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson, Jóhann Nikulásson  
Jóhannes Ævar Jónsson, Vigdís Sveinbjörnsdóttir

## 23. Breytingar á samþykktum sjóða í vörslu BÍ

### Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

**Markmið:** Búnaðarþing 2012 ályktar að eftirfarandi sjóðir í vörslu BÍ verði sameinaðir undir merkjum Heiðursverðlaunasjóðs BÍ og ný skipulagsskrá unnin, þar sem uppruna sjóðanna verði rækilega getið: Heiðursverðlaunasjóður Búnaðarfélags Íslands. Minningarsjóður Sigurðar Sigurðssonar og Þóru Sigurðardóttur. Verðlaunasjóður Félagsins Landnáms. Jafnframt ályktar Búnaðarþing 2012 að veitt verði úr hinum nýja sjóði framlag til útgáfu Landbúnaðarsögu Íslands.

**Leiðir:** Sameinaðar verði skipulagsskrár sjóðanna þannig að unnt verði að nýta fjármunina til góðra verka og í anda upphaflegra markmiða sjóðanna.

**Framgangur:** Búnaðarþing 2012 gangi frá nýrri skipulagsskrá samþykktri af ¾ hluta Búnaðarþingsfulltrúa.

### Greinargerð:

Yfirlit um sjóði sem málið varðar:

#### a) Heiðursverðlaunasjóður Búnaðarfélags Íslands.

Eignir (eigið fé) sjóðsins námu kr. 4.729.781 í árslok 2011.

Athygli er vakin á eftirfarandi tveimur greinum úr skipulagsskrá sjóðsins:

4. grein

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna frábær afrek í þágu landbúnaðarins, hvort heldur sem er á sviði jarðræktar, búfjárræktar eða nýjar uppgötvunar á vélum, verkfærum eða vinnuaðferðum, sem létta vinnu við landbúnaðarframleiðsluna. Í fyrirrúmi skal sitja að verðlauna bændur, sem með löngu ævistarfi hafa verið frábærir brautryðjendur, varðandi einhverja þætti íslensks landbúnaðar.

8. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki þeir fjórðu allra búnaðarþingsmanna breytinguna.

#### b) Minningarsjóður Sigurðar Sigurðssonar og Þóru Sigurðardóttur.

Eignir (eigið fé) sjóðsins námu kr. 2.741.642 í árslok 2011.

Athygli er vakin á eftirfarandi tveimur greinum úr skipulagsskrá sjóðsins:

4. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur frá bændaskólunum til framhaldsnáms í búfræði við erlenda og innlenda háskóla og vísindalegar stofnanir á sviði landbúnaðarins, garðrækt og skógrækt.

9. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki þeir fjórðu hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

#### c) Verðlaunasjóður Félagsins Landnáms.

Eignir (eigið fé) sjóðsins námu kr. 968.060 í árslok 2011.

Athygli er vakin á eftirfarandi tveimur greinum í skipulagsskrá sjóðsins:

5. grein

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá menn, er sýna framúrskarandi dugnað við að byggja og rækta nýbýli á óræktuðu landi í strjálbyggð, og hafi býlið minnst 10 hektara af ræktanlegu landi til umráða, og fullnægi að öðru leyti ákvæðum 6. greinar reglugerðar um nýbýli.

10. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á Búnaðarþingi, enda samþykki 3/4 hlutar búnaðarþingsmanna breytinguna.

### Ályktun:

#### 23.2.1. Heiðursverðlaunasjóður Búnaðarfélags Íslands

Í samræmi við 8. grein skipulagsskrár fyrir Heiðursverðlaunasjóð Búnaðarfélags Íslands ályktar Búnaðarþing 2012 að sjóðurinn skuli lagður niður og eigið fé hans fært til Bændasamtaka Íslands þar sem því verði haldið sérgreindu í fjárreiðum samtakanna.

Ráðstöfun framangreindra fjármuna fari eftir ákvörðun Búnaðarþings að fengnum tillögum frá stjórn Bændasamtaka Íslands.

Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason  
Guðni Einarsson, Sveinn Ingvarsson

### Ályktun:

### **23.2.2. Minningarsjóður Sigurðar Sigurðssonar og Þóru Sigurðardóttur**

Í samræmi við 9. grein skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Sigurðar Sigurðssonar og Þóru Sigurðardóttur ályktar Búnaðarþing 2012 að sjóðurinn skuli lagður niður og eigið fé hans fært til Bændasamtaka Íslands þar sem því verði haldið sérgreindu í fjárreiðum samtakanna.

Ráðstöfun framangreindra fjármuna fari eftir ákvörðun Búnaðarþings að fengnum tillögum frá stjórn Bændasamtaka Íslands.

Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason  
Guðni Einarsson, Sveinn Ingvarsson

#### **Ályktun:**

### **Verðlaunasjóður Félagsins Landnáms**

Í samræmi við 10. grein skipulagsskrár fyrir Verðlaunasjóð Félagsins Landnáms ályktar Búnaðarþing 2012 að sjóðurinn skuli lagður niður og eigið fé hans fært til Bændasamtaka Íslands þar sem því verði haldið sérgreindu í fjárreiðum samtakanna.

Ráðstöfun framangreindra fjármuna fari eftir ákvörðun Búnaðarþings að fengnum tillögum frá stjórn Bændasamtaka Íslands.

Gísli J. Grímsson, Guðmundur Bjarnason  
Guðni Einarsson, Sveinn Ingvarsson